129 15. okt. hafi dvalið þar fyrnefnd ár í leyfislausri húsmennsku, heldur bendir það atriði til hins mótsetta, að eigi verður sjeð að páverandi hreppsnefnd Nesjahrepps hafi amast neitt við dvöl Brynjólfs þar í hreppum þau árin, eða látið það á neinn hátt í ljósi, að hún áliti dvöl hans að neinu leyti ólöglega, því það er ekki fyrr en 7 árum seinna, þegar Brynjólfur verður þurfandi sveitarstyrks, að hreppsnefndin byrjar að vekja máls á því, að dvöl hans í hreppnum árin 1881 og 1882 hafi verið leyfislaus. Það verður því ekki álitið að hreppsefnd Nesjahrepps hafi tekizt að færa nægilegar sannanir fyrir þessari síðari málsástæðu sinni, og verður hún þannig eigi tekin til greina.

Samkvæmt framanrituðu ber að staðfesta hinn áfrýjaða amtsúrskurð frá 12. ág. f. á., og skal hann að öllu leyti óraskaður standa.

Þetta tilkynnist yður hjermeð, herra amtmaður, til þóknanlegrar leiðbeiningar og frekari birtingar.

130 17. okt. **Brjef landshöfðingja** *til Baldvins L. Baldvinssonar* **um farbrjef vesturfara.** — Útaf fyrirspurnum yðar í þóknanlegu brjefi, dags. 14. ág. þ. á. um það, hvort útflutnings »línur« sjeu ekki skyldar til að láta útförum sínum í tje endurrit af farbrjefi því er hún selur þeim og sem þjer tjáið innihalda allan útflutningssamning hennar við þá, og ef svo sje, hvort þá nokkur af umboðsmönnum „línunnar« eigi rjett á að heimta eða taka slíkt eptirrit af útförunum aptur, skal yður hjermeð þjónustusamlega tjáð, að eptir 13. gr. í útflutningslögunum 14. jan. 1876 þurfa útfarar eigi að halda á neinu eptirriti, heldur eiga þeir rjett á að halda *frumritinu* af samningi þeim, sem útflutningastjóra er skylt að gjöra við þá, og á lögreglustjóri að senda hverjum útfara nefnt frumrit aptur, þegar hann hefur rannsakað samninginn og ritað á frumritið vottorð sitt um að samningurinn fullnægi ákvæðum laganna. Eins og fyrirmæli laganna um að samningurinn skuli gjörður og sæta yfirvalds eptirlitum eru sett til þess að vernda útfarana, eins er það augljóst, að ákvæðin um að frumritið skuli afhent útförunum eptir að samningurinn hefur verið rannsakaður, miða að því, að útfarar hafi skilríki þetta í höndum sem sönnunargagn, til þess samkvæmt því að leita rjettar síns gagnvart »línunni« eða hlutaðeigandi útflutningastjóra eptir 14. gr. laganna, ef til kemur. Af þessu leiðir, eins og einnig þegar liggur í hlutarins eðli, að hvorki útflutningastjórinn nje neinn umboðsmaður eða þjónn »línunnar« hefur rjett til að svipta viðsemjanda sinn þessu sönnunargagni fyrir skyldum þeim, sem »línan« hefur tekizt á herðar, og hafi það tíðkazt, að samningurinn hafi verið ritaður á farseðil vesturfara eða á skilríkið fyrir flutningsrjetti með tilteknu skipi ákveðna leið, sem þeir eiga að afhenda á leiðinni, þá er sú venja ekki lögum samkvæm, heldur ber að hafa samninginn útaf fyrir sig, í því formi sem lögin tiltaka, frumritaðan á íslenzku með enskri þýðingu.

131 23. okt. **Brjef landshöfðingja** *til bæjarfógetans á Ísafirði* **um leyfi til að útmæla nokkuð af landi kaupstaðarins til túnræktunar.** — Samkvæmt beiðni yðar, herra bæjarfógeti, í þóknanlegu brjefi, dags. 8. f. m., vil jeg hjer með veita samþykki mitt til, að bæjarstjórnin megi afhenda þeim bæjarbúum, er þess kynnu að óska, til erfða-

festu nokkrar dagsláttur af landi kaupstaðarins til túnræktunar, þannig, að greitt sje 10 kr. árgjald í bæjarsjóð fyrir dagsláttu hverja, og að enginn fái meira en 5 dagsláttur til ræktunar. 131 23. okt.

Yfirlit

yfir efnahag sýsluvegasjóða í norður- og austuramtinu 1890.

1. Húnavatnssýsla.

Tekjur.

		kr. a.
Eign frá fyrra ári	204 kr. 02 a.	
Sýsluvegagjald	779 — 03 -	
Aðrar tekjur	1 — 20 -	
Endurborgað af láni	10 — » -	
Tekið til láns	55 — 68 -	1049 93

Gjöld.

Vegabótakostnaður	660 kr. 17 a.	
Önnur gjöld	340 — » -	
Til jafnaðar	10 — » -	
Eign til næsta árs	39 — 76 -	1049 93

2. Skagafjarðarsýsla.

Tekjur.

Sýsluvegagjald	954 50

Gjöld.

Borguð skuld við reikningshaldara	47 kr. 59 a	
Vegabótakostnaður	735 — 45 -	
Annar kostnaður	120 — » -	
Eign til næsta árs	51 — 46 -	954 50

(Framh.).

STYRKUR ÚR LANDSSJÓÐI

samkvæmt fjárlögunum fyrir 1890 og 1891, (framh.).

13. gr. B. V. b. 2.

Til sveitakennara var með brjefi landshöfðingja 28. sept. veittur þessi styrkur fyrir 1891.

A. Í norður- og austuramtinu.

5. Í Norður-Múlasýslu:		
a. Þorlákur Hallgrímsson	50 kr.	
b. Ólafur J. Bergsson	40 —	
c. til 4 umgangskennara í Vopnafirði	100 —	190 —
6. Í Suðurmúlasýslu:		
a. Kristján Jónsson í Mjóafjarðar-hreppi.	30 kr.	
b. Jón Jónsson	25 —	
c. Þorv. Þorvarðarson	50 —	105 —

B. Í suðuramtinu og vesturamtinu.

1. Í Skaptafellssýslu:	
a, Guðmundur Jónsson	30 kr.
b, Bergþór Ófeigsson	20 —